



Kópavogur 17. ágúst 2022

Bæjarráð Kópavogs
Fannborg 2, 200 Kópavogur

Umsókn um svæði 7 á Kársnesi.

Nature Experiences ehf ítrekar hér með umsókn sína um lóð nefnda svæði 7 við Vesturvör undir starfsemi tengda ferðaþjónustu, menningu og mat. Þann 15. júní 2020 sótti Nature Experiences ehf um lóðina. Ekki var hægt að verða við umsókninni fyrr en endurskoðað aðalskipulag yrði tilbúið. Þann 30. apríl 2021 sótti Nature Experiences aftur um svæði 7 ásamt lóðinni að Vesturvör 38-40 og kynnti í framhaldi fyrir bæjarráði þann 6. maí 2021 hvernig félagið hygðist byggja upp heildrænt hverfi þar sem fyrirhuguð starfsemi á öllu svæðinu myndi styðja hvora aðra og virka sem ein samræmd heild. Í bréfi bæjarstjóra þann 7. Júní 2021 til bæjarráðs segir: "að lóðirnar Vesturvör 38a og 38b verði úthlutað til Nature Experiences ehf. með þeim skilyrðum að skipulagi verði breytt og svæðið þróað í samræmi við framlagðar hugmyndir og breyttar áherslur sem kveðið er á um í nýju aðalskipulagi. Jafnframt er lagt til að þeim verði heimilað að þróa nánar hugmyndir í takt við framkomnar tillögur fyrir svæði 7 í samráði við skipulagsyfirvöld". Í framhaldi af því þann 16. júní 2021 úthlutaði bæjarráð lóðinni Vesturvör 38-40 til Nature Experiences ehf en gat ekki orðið við úthlutun á svæði 7 vegna tafa á samþykki nýs aðalskipulags. Aðalskipulag er nú komið í gegn og því hægt að úthluta lóðinni til félagsins og hefja sameiginlega skipulagsvinnu.

Í samræmi við vilja bæjarins að félaginu yrði gefin kostur á því að þróa svæðið sem eina heild, hefur félagið fundað með bæjaryfirvöldum undanfarið ár og kynnt fyrirhugað ferli við aðferðarfræði, hönnun og uppbyggingu hverfisins sem einni heild.

Meginmarkmið nýs skipulags er að mynda sterkan ramma utan um blandaða menningar- og afþreyingartengda þjónustu sem gengur upp rekstarlega með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreyttu og skapandi samfélagi þar sem gott er að búa, starfa og njóta lífsins fyrir Kópavogsbúa sem og aðra gesti. Kópavogur er og á að vera hjarta höfuðborgarsvæðisins.

F.h. Nature Experiences ehf

Gestur Þórisson
gesturt@gmail.com

Eyþór Guðjónsson
gudjonsson.eythor@gmail.com

Nature Experiences ehf
Engihjalla 8
200 Kópavogur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026